



Fötlun og heilsa 2021:

Heilsa og líðan fatlaðs fólks á tímum COVID-19

Mars 2022



HÍ

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| 1 Samantekt á helstu niðurstöðum | 2 |
| 2 Inngangur | 5 |
| 3 Aðferð | 6 |
| 3.1 Úrtak og svörun könnunar | 7 |
| 3.2 Úrvinnsla | 8 |
| 4 Niðurstöður | 9 |
| 4.1 Um þátttakendur | 9 |
| 4.2 Almennt heilsufar | 12 |
| 4.3 Veikindi og sjúkdómar | 14 |
| 4.4 Reynsla af lækni- og sjúkrahúspjónustu | 18 |
| 4.5 Aðgengi að lækniþjónustu | 22 |
| 4.6 Reynsla af COVID-19 | 24 |
| 4.7 Áhrif COVID-19 á líðan og daglegt líf | 28 |
| 4.8 Samskipti og félagsskapur | 34 |
| 4.9 Erfið reynsla og ofbeldi | 39 |
| 5 Heimildir | 43 |

Myndaskrá

| | | |
|----|---|----|
| 1 | Hvernig metur þú almennt líkamlega heilsu þína? — Samanburður | 13 |
| 2 | Hvernig metur þú almennt andlega heilsu þína? — Hlutfall sem svarar mjög góð / góð | 14 |
| 3 | Hefur eitthvað af eftirfarandi truflað daglegt líf þitt á síðustu 12 mánuðum? | 15 |
| 4 | Hefur eitthvað af eftirfarandi truflað daglegt líf þitt á síðustu 12 mánuðum? — Samanburður | 16 |
| 5 | Ert þú með einhverja af eftirtöldum sjúkdómum/skerðingum? — Samanburður | 17 |
| 6 | Hefur þú fundið fyrir eftirfarandi einkennum síðastliðna tvo mánuði? . . . | 18 |
| 7 | Hefur þú verið lagður/lögð inn á spítala undanfarna 12 mánuði? | 19 |
| 8 | Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustuna sem þú fékkst síðast þegar þú lagðist inn á sjúkrahús? | 20 |
| 9 | Hefur þú farið til heimilislæknis þíns eða læknis á heilsugæslustöð undanfarna 12 mánuði? | 21 |
| 10 | Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustuna sem þú fékkst síðast þegar þú fórst til læknis? — Samanburður | 22 |
| 11 | Þurftir þú að fara til læknis einhvern tíma á síðastliðnum sex mánuðum en hættir við það eða frestaðir því? — Samanburður | 23 |
| 12 | Hver var ástæðan fyrir því að þú hættir við eða frestaðir að fara til læknis? | 24 |
| 13 | Áhyggjur af því að einhver nákomin/n smitaðist eftir því hvort einhver nánustu er með undirliggjandi sjúkdóma | 30 |
| 14 | Hefur þú á síðastliðnum tveimur vikum, aldrei, sjaldan, stundum, oft eða mjög oft... | 31 |
| 15 | Hefur þú upplifað í COVID-19 faraldrinum... | 33 |
| 16 | Hefur þú í COVID-19 faraldrinum upplifað... — Samanburður | 34 |
| 17 | Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt við eftirtalda aðila? | 36 |
| 18 | Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt maka/unnustu/unnusta? — Samanburður | 36 |
| 19 | Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt aðra fjölskyldu-meðlimi? — Samanburður | 37 |
| 20 | Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt vini? — Samanburður | 37 |
| 21 | Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt vinnufélaga/skólafélaga? — Samanburður | 37 |
| 22 | Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt aðstoðarfólk þitt / starfsfólk? — Samanburður | 38 |
| 23 | Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt aðra íbúa á sambýlinu/íbúðarkjarnanum? — Samanburður | 38 |
| 24 | Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum ef þú hugsar um síðastliðna tvo mánuði? | 39 |
| 25 | Hefur einhver ... á síðustu tveimur mánuðum? — Samanburður | 42 |

Töfluskra

| | | |
|----|---|----|
| 1 | Framkvæmd og heimtur í könnuninni | 8 |
| 2 | Kyn | 9 |
| 3 | Aldur | 10 |
| 4 | Búseta | 10 |
| 5 | Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, sambýli, íbúðakjarna eða hjá öðrum? | 10 |
| 6 | Ert þú með eitthvað af eftirfarandi? | 11 |
| 7 | Fjöldi skerðinga | 11 |
| 8 | Hvað lýsir best fjárhagslegri afkomu heimilisins þessa dagana? | 11 |
| 9 | Hver er hjúskaparstaða þín? | 12 |
| 10 | Hver svarar spurningalistanum? | 12 |
| 11 | Hvernig metur þú almennt líkamlega heilsu þína? | 13 |
| 12 | Hvernig metur þú almennt andlega heilsu þína? | 14 |
| 13 | Hefur þér fundist erfitt að meta hvort einkenni sem þú hefur fundið fyrir stafi af fötlun/skerðingu/líkamlegu ástandi eða af COVID-19? | 18 |
| 14 | Hefur þú verið lagður/lögð inn á spítala undanfarna 12 mánuði? | 19 |
| 15 | Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustuna sem þú fékkst síðast þegar þú lagðist inn á sjúkrahús? | 20 |
| 16 | Hefur þú farið til heimilislæknis þíns eða læknis á heilsugæslustöð undanfarna 12 mánuði? | 21 |
| 17 | Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustuna sem þú fékkst síðast þegar þú fórst til læknis? | 21 |
| 18 | Þurftir þú að fara til læknis einhvern tíma á síðastliðnum sex mánuðum en hættir við það eða frestaðir því? | 23 |
| 19 | Hefur þú farið í skimun eða greiningarpróf fyrir COVID-19? | 25 |
| 20 | Hversu oft hefur þú farið í skimun eða greiningarpróf fyrir COVID-19? | 26 |
| 21 | Ert þú búin/n að fara í COVID-19 bólusetningu? | 26 |
| 22 | Hefur þú farið í sóttkví vegna COVID-19 veirunnar? | 26 |
| 23 | Hvernig sóttkví fórst þú í? | 27 |
| 24 | Hversu lengi samtals hefur þú verið/varst þú í sóttkví? | 27 |
| 25 | Hefur þú verið greind/ur með COVID-19 veiruna? | 28 |
| 26 | Hefur einhver nákomin/n þér greinst með COVID-19 veiruna? | 28 |
| 27 | Hversu mikið hefur COVID-19 faraldurinn raskað þínu daglega lífi? | 29 |
| 28 | Síðastliðna tvo mánuði, hversu litlar eða miklar áhyggjur hefur þú haft af því að smitast af COVID-19 veirunni? | 29 |
| 29 | Síðastliðna tvo mánuði, hversu litlar eða miklar áhyggjur hefur þú haft af því að einhver þér nákomin/n smitaðist af COVID-19 veirunni? | 30 |
| 30 | Er einhver af þínum nánustu sem er 18 ára eða eldri með háþrýsting/hjartasjúkdóm, sykursýki, langvinna lungnateppu, langvinna nýrnabilun, krabbamein, skert ónæmiskerfi eða á ónæmisbælandi lyfjum? | 30 |
| 31 | Hversu sammála ertu staðhæfingunni að þú sért örugg/ur heima hjá þér? | 32 |
| 32 | Hefur þú upplifað einmanaleika á síðastliðnum tveimur mánuðum? | 35 |



| | | |
|----|--|----|
| 33 | Á síðastliðnum tveimur mánuðum, hversu oft varst þú í sambandi við fjölskyldu, vini eða aðra, í síma eða á samfélagsmiðlum (t.d. Facebook, Skype, Zoom)? | 35 |
| 34 | Hefur þú upplifað að aðrir ráðskist með þig eða hafi sýnt þér reiði á síðustu tveimur mánuðum? | 40 |
| 35 | Hefur einhver öskrað á þig, niðurlægt þig, ógnað þér eða hótað að valda þér skaða á síðustu tveimur mánuðum? | 40 |
| 36 | Hefur þú verið þvinguð/þvingaður til kynferðislegra athafna, t.d. samfara eða snertingar, gegn vilja þínum á síðustu tveimur mánuðum? | 41 |
| 37 | Hefur einhver ýtt, slegið, kýlt, sparkað, lamið eða skorið þig (með berum höndum eða með hlut) á síðustu tveimur mánuðum? | 41 |



Lýsing á rannsókn

| | |
|-------------------------|---|
| Unnið fyrir | Félagsmálaráðuneytið |
| Markmið rannsóknar | Að fá upplýsingar um heilbrigði fatlaðs fólks á Íslandi |
| Dagsetning skýrsluskila | 4. mars 2022 |

Ábyrgðaraðilar

| | |
|-----------------|--|
| Útgefandi | Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands |
| Skýrsluhöfundar | Guðný Bergþóra Tryggvadóttir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir Sindri Baldur Sævarsson |

1 Samantekt á helstu niðurstöðum

Almennt heilsufar

- Um 47% fatlaðs fólks mat líkamlega heilsu sína mjög góða eða góða sem er svipað hlutfall og árið 2017. Einstaklingar sem búa í eigin húsnæði, leigja á almennum eða félagslegum leigumarkaði meta heilsu sína verri en þeir sem búa í íbúðakjarna, sambýli eða í foreldrahúsum. Yfir helmingur fatlaðs fólks er líklegur til að meta heilsu sína lélega eða slæma (53%) en rúmur þriðjungur þátttakenda úr könnuninni *Heilsa þjóðar á tímum COVID-19* sem var lögð fyrir almenning (38%).
- Um helmingur þátttakenda mat andlega heilsu sín a góða eða mjög góða. Fatlað fólk er ólíklegur til að meta andlega heilsu sína góða en þátttakendur í almennu úrtaki könnunarinnar *Heilsa þjóðar á tímum COVID-19* (74%).

Veikindi og sjúkdómar

- Aðspurð um áhrif verkja og vanlíðan á daglegt líf á síðustu 12 mánuðum svöruðu 47% þátttakenda því til að þrekleysi hefði haft áhrif á daglegt líf, 46% að þungar áhyggjur eða kvíði hefðu haft áhrif og 44% að verkir í baki og herðum hefðu haft áhrif á daglegt líf. Þetta eru lægri hlutföll en árið 2017.
- Hlutfallslega færri þátttakendur nú en árið 2017 lýstu áhrifum verkja og vanlíðan á daglegt líf í spurningum könnunarinnar, að undanskilinni tannpínu sem 14% sögðu nú að hefði haft áhrif á líf þeirra síðust 12 mánuði en 8% þátttakenda árið 2017.
- Þegar niðurstöður voru bornar saman við svör úr könnuninni *Heilsa þjóðar á tímum COVID-19* var fatlað fólk í þessari rannsókn líklegur til að vera með sykursýki (13% á móti 5%), lungnasjúkdóma (13% á móti 7%), hjartasjúkdóma (13% á móti 8%), vera með skert ónæmiskerfi (12% á móti 5%), á ónæmisbælandi meðferð (7% á móti 4%) og með langvinna nýrnabilun (3% á móti 0%). Hlutfallslega færri fatlað fólk var með háþrýsting (22%) en þátttakendur í almennu úrtaki könnunarinnar *Heilsa þjóðar á tímum COVID-19* (28%).

Reynsla af lækni- og sjúkrahúspjónustu

- Meirihluti þátttakenda hafði ekki lagst inn á sjúkrahús síðustu 12 mánuði (78%) sem er svipað hlutfall og árið 2017.
- Um 73% þátttakenda hafði farið til heimilislæknis eða læknis á heilsugæslustöð undanfarna 12 mánuði. Árið 2017 sögðust heldur fleiri hafa farið til heimilislæknis eða læknis á heilsugæslustöð undanfarna 12 mánuði eða 76% fatlaðs fólks.
- Aðspurðir um ánægju með þjónustu þegar þeir fóru síðast til læknis voru 81% þátttakenda mjög eða frekar ánægð. Meirihluti þátttakenda (78%) var mjög eða frekar ánægður með þjónustuna sem hann fékk í síðustu sjúkrahúsinnlögn.

Aðgengi að lækniþjónustu

- Um 28% þátttakenda þurftu að fresta eða hætta við að fara til læknis á síðustu 6 mánuðum, en árið 2017 svöruðu 20% á þann veg. Þátttakendur með geðfötlun eða ADHD voru

líklegri til að hafa þurft að fresta för til læknis (47%) en þátttakendur með aðrar skerðingar (19-30%). Aðspurð um ástæður þess að hafa frestað eða hætt við læknisferð tilgreindu 29% þátttakenda að ástæðan hafði verið COVID-19 faraldurinn, 15% töldu að ferð til læknis myndi ekki gera mikið gagn og 15% töldu það vera of dýrt.

Reynsla af COVID-19

- Rétt rúmur helmingur þátttakenda hafði farið í skimun eða greiningarpróf fyrir COVID-19 (56%). Af þeim höfðu um 66% farið einu sinni eða tvisvar.
- Mikill meirihluti þátttakenda hafði fengið COVID-19 bólusetningu (95%).
- Um þriðjungur þátttakenda hafði farið í sóttkví (34%). Af þeim höfðu um 13% verið í sex mánuði eða lengur í sóttkví.
- Einungis um 2% þátttakenda höfðu greinst með COVID-19 veiruna.
- Um 29% sögðu að einhver nákominn þeim hefði greinst með COVID-19.

Áhrif COVID-19 á líðan og daglegt líf

- Um 46% þátttakenda sögðu COVID-19 faraldurinn hafa raskað þeirra daglega lífi frekar eða mjög mikið.
- Um fimmtungur þátttakenda hafði, síðustu 2 mánuði, haft frekar eða mjög miklar áhyggjur af því að smitast af COVID-19.
- Um 20% þátttakenda höfðu haft mjög eða frekar miklar áhyggjur af því að einhver nákominn þeim smitaðist af COVID-19 en um rúmur helmingur svaraði því til að einhver af þeirra nánustu væri með háþrýsting/hjartasjúkdóm, sykursýki, langvinna lungnateppu, langvinna nýrnabilun, krabbamein, skert ónæmiskerfi eða væri á ónæmisbælandi lyfjum.
- Lagðar voru fyrir spurningar um martraðir og þrálátar hugsanir um COVID-19 á síðustu tveim vikum. Mikill meirihluti hafði aldrei eða sjaldan fengið martraðir um COVID-19 (95%) og 80% höfðu sjaldan eða aldrei hugsað um COVID-19 þegar þau vildu það ekki. Um 13% sögðust mjög oft eða oft reynt að hugsa ekki um COVID-19 eða höfðu lagt sig fram við að forðast aðstæður sem minntu á faraldurinn og 17% höfðu mjög oft eða oft verið stöðugt á verði, ofurárvökul eða brugðið auðveldlega.
- Þegar niðurstöður voru bornar saman við svör almennings var fatlað fólk líklegra til að hafa upplifað fjárhagserfiðleika (10% á mótí 5%) og átt í erfiðleikum með að nálgast nauðsynjar eins og lyfseðilsskyld lyf og matvörur (7% á mótí 2%). Fatlað fólk var þó síður líklegt til að hafa upplifað tekjumissi vegna vinnu eða rekstur fyrirtækis (4% á mótí 9%).

Samskipti og félagsskapur

- Fjórðungur þátttakenda hafði upplifað töluverðan eða mjög mikinn einmanaleika á síðastliðnum tveimur mánuðum.
- Um helmingur þátttakenda var mjög oft í sambandi við fjölskyldu, vini eða aðra í síma, eða á samfélagsmiðlum á síðustu tveim mánuðum.
- Meirihluti þátttakenda (88%) var mjög eða frekar sammála því að þeir væru öruggir heima hjá sér. Þá voru 82% þátttakenda mjög eða frekar sammála því að þeir gætu leitað til ákveðinnar manneskju þegar þeir þörfuðust hughreystingar. Um 30% voru mjög eða frekar ósammála því að fjölskyldan þeirra væri orðin nánari en áður.

Erfið reynsla og ofbeldi

- Um 31% þátttakenda hafði að minnsta kosti einu sinni á síðustu tveimur mánuðum upplifað það að aðrir höfðu ráðskast með þá eða sýnt þeim reiði. Þar af höfðu 24% upplifað slíkt nokkrum eða mörgum sinnum.
- Um 19% þátttakenda höfðu upplifað að öskrað hafði verið á þá, þeir niðurlægðir eða þeim hótáð skaða á síðustu tveim mánuðum. Það er töluvert hærra hlutfall en svör í könnun meðal almennings við sömu spurningu (7%).
- Um 2% þátttakenda sögðust hafa verið þvinguð til kynferðislegra athafna á síðustu tveimur mánuðum, samanborið við 0% í þjóðarúrtaki.
- Þá hafði 6% svarenda verið ýtt, þeir slegnir, kýlt í þá, sparkað, þeir lamdir eða skornir á síðustu tveim mánuðum, samanborið við 1% í úrtaki meðal almennings.

Hópur fatlaðs fólks sem á erfitt með að láta enda ná saman fjárhagslega

Þátttakendur voru spurðir um fjárhagslega afkomu sína og átti um fjórðungur þátttakenda mjög eða frekar erfitt með að láta enda ná saman. Þegar svör við spurningalistanum eru greind eftir fjárhagsstöðu þátttakenda er ljóst að staða þessa hóps er almennt verri en þeirra sem ekki eiga við slíka fjárhagslega erfiðleika að etja. Þessir einstaklingar eru líklegri til að meta líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega (68% á móti 45–56%) og andlega heilsu sæmilega eða lélega (73% á móti 39–50%). Þeir finna frekar fyrir ýmsum einkennum á borð við þrekleysi, vöðvabólgu og verkjum ýmiss konar og lýsa almennt meiri áhyggjum eða kvíða. Þessi hópur hefur, að jafnaði, farið oftár til læknis en aðrir en eru einnig líklegri til þess að hafa þurft að fresta því að fara til læknis. Hlutfallslega fleiri einstaklingar í þessum hópi höfðu fundið fyrir einmanaleika á síðustu tveimur mánuðum og höfðu meiri áhyggjur af einangrun eða af því að missa tengsl við fjölskyldumeðlimi eða vini. Þeir töldu frekar að COVID-19 faraldurinn hefði raskað daglegu lífi þeirra en einstaklingar í betri fjárhagslegri stöðu og höfðu frekar áhyggjur af framtíðarfjárhag sínum. Þátttakendur sem sögðust eiga erfitt með að láta enda ná saman fjárhagslega voru ennfremur líklegri til að hafa upplifað að aðrir ráðskast með þá eða hafi sýnt þeim reiði og að á þá hafi verið öskrað, þeir niðurlægðir, þeim ógnað eða hótáð samanborið við þá sem náðu endum saman fjárhagslega.

2 Inngangur

Rannsóknin var unnin af Félagsvísindastofnun HÍ fyrir félagsmálaráðuneytið. Markmiðið var að fá upplýsingar um heilbrigði fatlaðs fólks á Íslandi á meðan á COVID-19 faraldrinum stæði enda rík ástæða til að fylgjast vel með áhrifum faraldursins á hópinn.

Rannsóknir sýna að fatlað fólk býr almennt við verri heilsu en ófatlað fólk og að aðgengi þess að heilbrigðisþjónustu er lakara en aðgengi þeirra sem ófatlaðir eru (Allerton og Emerson, 2012; Emerson o.fl., 2009; Krahn o.fl., 2015; WHO, 2011). Svipaðar niðurstöður komu fram í rannsókn sem Félagsvísindastofnun vann fyrir Velferðarráðuneytið á heilsu fatlaðs fólks árið 2017 (Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, 2017). Í mars 2020 gaf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin út ábendingar er vörðuðu sérstaklega hagi og aðstæður fatlaðs fólks í COVID-19 heimsfaraldrinum (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 2020). Ítrekaði stofnunin mikilvægi ráðstafana til að tryggja fötluðu fólki aðgang að heilbrigðisþjónustu og upplýsingum um faraldurinn. Þá hefur stofnunin einnig bent á að fatlað fólk er líklegra til að verða fyrir skaðlegum áhrifum faraldursins, ekki síst vegna félagslegrar jaðarsettrar stöðu þeirra og skertu aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 2021).

Lýðheilsukannanir eru reglulega lagðar fyrir almenning á Íslandi og veita þær innsýn í mikilvæga þætti sem tengjast heilsu og heilbrigði. Í ljósi þess að slíkar kannanir eru óaðgengilegar stórum hluta fatlaðs fólks, sér í lagi þeirra sem búa á stofnunum og í sértækum búsetuúrræðum, var ákveðið að leggja spurningalistann fyrir úrtak einstaklinga sem notar þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk (nr. 38/2018).

Að þessu sinni var sjónum sérstaklega beint að heilsu og líðan fatlaðs fólks á tímum faraldursins. Spurningalistinn samanstóð af spurningum úr könnuninni *Fötlun og heilsa-2017* og því var hægt að bera saman svör fatlaðs fólks á tímum COVID-19 við svör fatlaðs fólks fyrir tíma faraldursins. Einnig voru notaðar spurningar úr lýðheilsurannsókninni *Líðan þjóðar á tímum COVID-19* í því skyni að bera saman svör fatlaðs fólks við svör almennings á Íslandi. Loks voru búnar til spurningar í samráði við fatlað fólk og vísindafólk, sem taka sérstaklega mið af aðstæðum fatlaðs fólks.

Fatlað fólk er jaðarsett og býr oft við mismunun í daglegu lífi. Það er líklegra til að búa við erfiðar félagslegar aðstæður og lakari kjör en ófatlað fólk sem getur haft áhrif á heilsu og aðgengi að heilbrigðisþjónustu (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 2011). Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar felst heilsa í almennri velferð, líkamlegri-, andlegri-, og félagslegri heilsu (Ibid, 2011). Því er mikilvægt að niðurstöður sem varða tengsl fötlunar og heilsu séu settar í samhengi við félagslega stöðu fatlaðs fólks og aðgengi þess að heilbrigðisþjónustu.

Fengið var leyfi Vísindasiðanefndar fyrir rannsókninni (VSN-21-049).

3 Aðferð

Spurningakönnun var lögð fyrir fólk 18 ára og eldra sem nýtir þjónustu sveitarfélaga sem veitt er á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi þjónustufarir (nr. 38/2018). Spurningarnar miðuðu að því að fá fram upplýsingar sem tengjast lýðheilsu fatlaðs fólks og reynslu þeirra og aðstæður í COVID-19 faraldrinum. Spurningalistinn samanstóð að hluta til úr spurningum úr könnun Félagsvísindastofnunar *Fötlun og heilsa-2017* sem hafði verið unninn af samráðshópi ýmissa aðila sem tengjast málaflokknum. Þar af voru nokkrar spurningar sem fengnar höfðu verið úr öðrum heilsutengdum spurningalistum og þóttu ná vel utan um þætti sem tengjast lýðheilsu og aðgengi að heilbrigðisþjónustu, svo sem spurningar úr könnun landlæknis, *Heilsa og líðan Íslendinga* (Dóra Guðrún Guðmundsdóttir o.fl., 2012) og könnun Rúnars Vilhjálmssonar (2015) á heilsu og lífsháttum Íslendinga.

Til að fá upplýsingar um reynslu og heilsu fatlaðs fólks í COVID-19 faraldrinum voru lagðar fyrir nokkrar spurningar úr lýðheilsurannsókninni *Líðan þjóðar á tímum COVID-19*. Í skýrslunni eru svör við þessum spurningum borin saman við svör almennings í lýðheilsurannsókninni. Könnunin *Líðan þjóðar á tímum COVID-19* er vísindarannsókn á vegum Háskóla Íslands, Embættis landlæknis og sóttvarnarlæknis sem miðar að því að fá upplýsingar um áhrif faraldursins á líðan og lífsstíl landsmanna. Almennur gat tekið þátt í rannsókninni með því að fara inn á heimasíðu rannsóknarinnar og svara þar könnun. Í þessari skýrslu eru svör fatlaðs fólks borin saman við svör almennings úr fyrstu bylgju en þá höfðu höfðu 22.865 einstaklingar tekið þátt. Samanburður var þó aðeins gerður á nokkrum spurningum þar sem töluverður tími hafði liðið frá gagnaöflun í lýðheilsurannsókninni og aðstæður í faraldrinum breyttust oft og hratt.

Þar sem þýði rannsóknarinnar nú, sem og rannsóknarinnar *Fötlun og heilsa-2017*, miðast við skilgreiningu laga um þjónustu við fatlað fólk ber þess að geta að árið 2018 tóku lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi skerðingar (nr. 38/2018) við af lögum um málefni fatlaðs fólks (59/1992). Þessar breytingar á þýði kunna að hafa áhrif á samanburð milli rannsókna, þar sem viðmið þrengdust með lagsetningunni 2018 og í kjölfarið fækkaði þeim sem njóta þjónustu á grundvelli laganna. Samkvæmt upplýsingum frá þjónustusvæðum sem veita þjónustu við fatlað fólk notuðu alls 2.664 einstaklingar þjónustu árið 2021 á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi skerðingar (nr. 38/2018). Árið 2016 notuðu hins vegar 2.985 einstaklingar þjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks (nr. 59/1992).

Fatlað fólk er stór og fjölbreyttur hópur en einstaklingar innan hópsins eiga það sameiginlegt að búa við félagslega viðkvæma stöðu (World report on disability, 2011). Engin einhlít skilgreining er á því hverjir teljast til fatlaðs fólks en afmörkun hópsins hefur þýðingarmikil áhrif í rannsóknum. Ákvarðanir um þýði afmarka hópinn sem rannsóknir ná til, hafa áhrif á rannsóknarniðurstöður og þær ályktanir sem af þeim eru dregnar (Grönvik, 2009). Brýnt er að rannsóknir sem beinast að líðan og heilsu Íslendinga undanskilji ekki viðkvæma hópa, ekki síst í ljósi jaðarsettrar stöðu fatlaðs fólks, almennt lakari heilsu þeirra og bágu aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

3.1 Úrtak og svörun könnunar

Tilviljunarúrtak var tekið úr skráum yfir fullorðna þjónustunotendur sem nota þjónustu á grundvelli laga þjónustu við fatlað fólk með langvarandi þjónustubarfir (nr. 38/2018). Þetta var gert í samstarfi við starfsfólk félagsþjónusta þjónustusvæða og þess gætt að rannsakendur Félagsvísindastofnunar fengju engar persónuupplýsingar um þátttakendur fyrr en þeir höfðu haft tækifæri til að segja sig úr rannsókninni. Á hverju þjónustusvæði var tengiliður meðal starfsfólks sem tók saman lista yfir notendur þjónustu á grundvelli laganna sem um ræðir og gaf hverjum einstakling listans númer. Rannsakendur Félagsvísindastofnunar tóku úrtak úr númerum hvers þjónustusvæðis fyrir sig og sendu tengiliðum þau númer sem lentu í úrtaki. Tengiliðir hvers þjónustusvæðis sendu þá út kynningarbréf, á hefðbundnu máli og á auðlesnu máli, til einstaklinga sem lentu í úrtaki samkvæmt númerunum. Í kynningarbréfum til þjónustunotenda komu fram upplýsingar um rannsóknina, markmið hennar og framkvæmd. Í bréfunum komu einnig fram upplýsingar um hvernig hægt væri að hafna þátttöku með því að hafa samband við tengilið á þjónustusvæðinu innan ákveðins tíma (u.þ.b. tveggja vikna). Alls voru send kynningarbréf til 1.000 einstaklinga. Að loknum fresti afhentu tengiliðir þjónustusvæða rannsakanda Félagsvísindastofnunar nöfn þeirra sem ekki höfðu afþakkað þátttöku, alls 832 nöfn.

Spýrlar á vegum Félagsvísindastofnunar HÍ hringdu í þátttakendur og buðu þeim að svara könnuninni í síma eða að gefa upp netfang sitt og fá spurningalistann sendan í tölvupósti. Einnig gafst þátttakendum færi á að svara spurningalista á pappír ef þeir þess óskuðu. Ekki náðist í 158 einstaklinga í síma og var spurningalistinn sendur til þeirra á pappír. Þátttakendur höfðu val um að svara spurningalistanum á hefðbundnu máli eða auðskildu. Í þeim tilvikum þar sem þátttakendur þurftu stuðning til að geta tekið þátt var leitað eftir aðstoð frá aðstandendum eða aðstoðarfólki og þeir hvattir til að styðja við þátttöku viðkomandi. Í sumum tilvikum gátu þátttakendur ekki tekið þátt og var þá kannað hvort aðstandendur eða starfsfólk gæti svarað fyrir þeirra hönd, en voru þeir þá hvattir til að svara eingöngu staðreyndarspurningum og enn fremur að svara í anda þátttakenda en ekki út frá eigin skoðunum.

Spurningalistarnir voru lagðir fyrir í síma og á neti dagana 16. september til 8. desember 2021 og sendir í bréfpósti til þeirra sem ekki náðist í í síma 26. nóvember 2021. Flestir þátttakendur svöruðu könnuninni í síma, eða um 51%, 43% svöruðu á netinu en 7% í bréfpósti. Þegar tekið hefur verið tillit til brottfalls voru í endanlegu úrtaki könnunarinnar 809 einstaklingar. Heildarsvarhlutfall var um 51% (sjá töflu 1).

Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnuninni

| | |
|-----------------|-----|
| Fjöldi í úrtaki | 809 |
| Fjöldi svarenda | 412 |
| Sími | 210 |
| Net | 177 |
| Póstur | 25 |
| Brottfall | 23 |
| Svarhlutfall | 51% |

3.2 Úrvinnsla

Í köflum um niðurstöður eru töflur sem sýna dreifingu svara við spurningum könnunarinnar og hlutföll svarenda á bak við tiltekna svarmöguleika. Í töflum í viðauka eru svör þátttakenda greind eftir kyni, aldri, búsetu, húsnæði, tegund skerðinga, fjölda skerðinga, fjárhag, hjúskaparstöðu og því hver svaraði könnuninni. Í töflum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Í tíðnitöflum og bakgrunnstöflum eru tölur námundaðar að heilli tölu og því getur munað allt að 1% á samanlögðum hlutföllum. Í einhverjum tilvikum kann samanlagt prósentuhlutfall að vera 99% eða 101% í stað 100% vegna námundunar. Í köflum um niðurstöður er auk þess að finna myndir sem sýna dreifingu svara og samanburð við svör úr könnuninni *Fötlun og heilsa-2017* annars vegar og *Líðan þjóðar á tímum COVID-19* hins vegar.

Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (**). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal alls fatlaðs fólks, eða nánar tiltekið einstaklinga sem nota þjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýðinu ($p < 0,001$). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn. Skammstöfunin óg merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum. Í slíkum tilvikum var valmöguleikum spurningarinnar slegið saman, þegar það átti við, og marktekt aftur reiknuð eins og útskýrt er í neðanmálsgreinum við töflur og myndir. Þegar marktekt kom fram eftir þessa fækkun flokka var hún birt í sviga á eftir niðurstöðu fyrra marktektarprófsins. Ómarktækt samband í þeim tilvikum er táknað með (-).

4 Niðurstöður

4.1 Um þátttakendur

Töflur 2 til 10 sýna upplýsingar um þátttakendur könnunarinnar svo sem kyn þeirra, aldur, búsetu, hvernig húsnæði þeir búa í, skerðingar þeirra, fjárhagsstöðu, hjúskaparstöðu og hver svaraði könnuninni. Í viðauka má enn fremur finna ítarlegar töflur þar sem svör þátttakenda við spurningum könnunarinnar eru greind eftir þessum bakgrunnspáttum.



Rúmur helmingur þátttakenda voru karlar (54%) og 46% voru konur. Meðalaldur svaraenda var 46 ár. Meirihluti svaraenda bjó á höfuðborgarsvæðinu eða 74% þeirra. Tæplega fjórðungur þátttakenda bjó í eigin húsnæði og um 32% leigðu íbúð á almennum eða félagslegum leigumarkaði. Um 21% þeirra sem svöruðu könnuninni bjuggu á íbúðasambýli eða íbúðakjarna, 7% á herbergjasambýli og 15% í foreldrahúsum. Í bakgrunnstöflum hafa eftirfarandi svarmöguleikar verið sameinaðir í fjóra flokka: 1) *eigið húsnæði, leigi íbúð á almennum leigumarkaði og leigi stúdentaíbúð* 2) *íbúðakjarni, íbúðasambýli og herbergjasambýli* 3) *leigi íbúð á félagslegum leigumarkaði og loks* 4) *bý í foreldrahúsum og bý hjá öðrum ættingjum*.

Í könnuninni var spurt um skerðingar og þátttakendur beðnir um að merkja við allt sem átti við þá; *einhverfu, geðfötlun, heyrnarleysi/-skerðingu, blindu/sjónskerðingu, þroskahömlun, flogaveiki, athyglisbrest með/án ofvirkni og annað*. Meirihluti merkti við fleiri en eina greiningu eða um 80% svaraenda en í úrvinnslu var lögð áhersla á að greina svör eftir fimm meginhópum sem má sjá í töflu 6, það er þroskahömlun, einhverfa, hreyfihömlun, geðfötlun eða ADHD og sjón- eða heyrnarskerðing.




Spurt var um fjárhagslega stöðu heimila og svöruðu um 76% þátttakenda því að heimili þeirra kæmist vel af eða að það tækist að láta enda ná saman (sjá töflu 8) sem er sambærilegt og í könnuninni *Fötlun og heilsa-2017*. Meirihluti þátttakenda sagðist vera einhleypur eða 87%.

Í um 60% tilvika svaraði fólk listanum sjálft en 17% fengu aðstoð. Í 23% tilvika svaraði aðstoðarfólk eða aðstandandi fyrir þjónustunotanda (sjá töflu 10).



Tafla 2. Kyn

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|--------|---|
| Karl | 223 |  54% |
| Kona | 189 |  46% |
| Fjöldi alls | 412 | 100% |









Tafla 3. Aldur

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|--------|---|
| 18–34 ára | 143 |  35% |
| 35–50 ára | 91 |  22% |
| 51 árs og eldri | 178 |  43% |
| Fjöldi alls | 412 | 100% |







Tafla 4. Búseta

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|--------|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 304 |  74% |
| Landsbyggðin | 108 |  26% |
| Fjöldi alls | 412 | 100% |




Tafla 5. Þýð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, sambýli, íbúðakjarna eða hjá öðrum?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--|--------|---|
| Ég bý í eigin húsnæði | 99 |  24% |
| Ég bý í íbúðakjarna án sameiginlegs rýmis | 48 |  12% |
| Ég bý á íbúðasambýli, lítil íbúð með sameiginlegu rými | 35 |  9% |
| Ég bý á herbergjasambýli | 30 |  7% |
| Ég bý í stúdentaíbúð | 1 | 10% |
| Ég leigi íbúð á almennum markaði | 48 |  12% |
| Ég leigi íbúð á félagslegum leigumarkaði | 81 |  20% |
| Ég bý í foreldrahúsum | 63 |  15% |
| Ég bý hjá öðrum ættingum | 5 |  1% |
| Fjöldi | 410 | 100% |
| Veit ekki | 2 | |
| Fjöldi alls | 412 | |





Tafla 6. Ert þú með eitthvað af eftirfarandi?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|----------------------------|--------|---|
| Þroskahömlun | 144 |  38% |
| Einhverfa | 30 |  8% |
| Hreyfihömlun | 107 |  28% |
| Geðfötun/ADHD | 70 |  18% |
| Sjón-/heyrnarskerðing | 27 |  7% |
| Annað | 5 |  1% |
| Fjöldi | 383 | 100% |
| Veit ekki / vil ekki svara | 29 | |
| Fjöldi alls | 412 | |



Tafla 7. Fjöldi skerðinga

| | Fjöldi | Hlutfall |
|-----------------------------|--------|---|
| Ein skerðing | 81 |  21% |
| Tvær skerðingar | 107 |  28% |
| Þrjár skerðingar eða fleiri | 194 |  51% |
| Fjöldi | 382 | 100% |
| Veit ekki / vil ekki svara | 30 | |
| Fjöldi alls | 412 | |




Tafla 8. Hvað lýsir best fjárhagslegri afkomu heimilisins þessa dagana?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--|--------|---|
| Ég kemst vel af | 172 |  45% |
| Það tekst að ná endum saman | 118 |  31% |
| Það er frekar erfitt að láta enda ná saman | 53 |  14% |
| Það er mjög erfitt að láta enda ná saman | 40 |  10% |
| Fjöldi | 383 | 100% |
| Veit ekki | 17 | |
| Vil ekki svara | 12 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

Tafla 9. Hver er hjúskaparstaða þín?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---------------------|--------|---|
| Í hjónabandi/sambúð | 53 |  13% |
| Einhleyp/ur | 345 |  87% |
| Fjöldi | 398 | 100% |
| Vil ekki svara | 14 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

Tafla 10. Hver svarar spurningalistanum?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--|--------|---|
| Þjónustunotandi sjálfur | 251 |  61% |
| Þjónustunotandi með aðstoð aðstandenda eða aðstoðarfólks | 68 |  17% |
| Aðstandendur eða aðstoðarfólk svarar fyrir þjónustunotanda | 93 |  23% |
| Fjöldi alls | 412 | 100% |


4.2 Almennt heilsufar

Spurt var um heilsufar fólks; líkamlega heilsu og andlega heilsu. Um 47% svarenda voru við góða eða mjög góða heilsu (sjá töflu 11). Ekki var munur á svörum karla og kvenna en yngra fólk var líklegra til að meta heilsu sína góða en það eldra. Einstaklingar sem bjuggu í eigin húsnæði, leigðu á almennum eða félagslegum leigumarkaði mátu heilsu sína verri en þeir sem bjuggu á sambýli, íbúðakjarna eða í foreldrahúsum. Þau sem bjuggu við lakari fjárhag voru líklegri til að meta heilsu sína verri en þau sem bjuggu við betri fjárhag; 68% þeirra sem sögðust eiga erfitt með að láta enda ná saman mátu heilsu sína sæmilega eða lélega samanborið við 45–56% þeirra sem sögðust ná endum saman eða komast vel af. Loks var töluverður munur á svörum eftir því hvort þjónustunotandi svaraði sjálfur eða hvort aðstandendur eða aðstoðarfólk svaraði fyrir viðkomandi eða aðstoðaði við svörun. Þjónustunotendur sem svöruðu sjálfir voru töluvert líklegri til að meta líkamlega heilsu sína sem sæmilega eða lélega (63%) en aðstandendur eða aðstoðarfólk sem ýmist aðstoðaði við þátttöku könnunarinnar eða svöruðu fyrir þjónustunotendur (38%) (sjá töflu 3 í viðauka).

Ekki hefur orðið breyting á því hvernig fatlað fólk metur heilsu sína nú og í könnuninni *Fötlan og heilsa frá 2017*. Þegar borin voru saman svör þátttakenda við svör almennings í könnuninni *Líðan þjóðar á tímum COVID-19* mátti sjá að þátttakendur meðal almennings voru líklegri til að meta heilsu sína góða eða mjög góða en fatlað fólk eða um 63% þeirra samanborið við 47% fatlaðs fólks (sjá mynd 1).

Tafla 11. Hvernig metur þú almennt líkamlega heilsu þína?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|------------|-------------|
| Mjög góð | 71 | 17% |
| Góð | 120 | 30% |
| Sæmileg | 130 | 32% |
| Léleg | 85 | 21% |
| Fjöldi | 406 | 100% |
| Veit ekki | 4 | |
| Vil ekki svara | 2 | |
| Fjöldi alls | 412 | |



Mynd 1. Hvernig metur þú almennt líkamlega heilsu þína? — Samanburður

Þegar spurt var um mat á andlegri heilsu kom í ljós að rúmur helmingur svarenda var við góða eða mjög góða andlega heilsu (sjá töflu 12). Þegar svör voru skoðuð eftir bakgrunnsbreytum mátti greina mun eftir kyni en karlar voru líklegri en konur til að meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða, eða 56% karla á móti 44% kvenna (sjá töflu 4 í viðauka). Um 59% svarenda með eina skerðingu mátu andlega heilsu sína sem góða eða mjög góða samanborið við 54% svarenda með tvær skerðingar og 42% með þrjár skerðingar eða fleiri. Eins voru svarendur sem áttu erfitt með að láta enda ná saman ólíklegri til að meta andlega heilsu sína mjög góða eða góða, eða 27% samanborið við 50–61% þeirra sem töldu sig komast vel af fjárhagslega eða takast að ná endum saman.

Sambærileg svör fengust í könnuninni *Fötlun og heilsa frá 2017*. Þegar svörin voru hins vegar borin við svör í könnuninni *Líðan þjóðar á tímum COVID-19* má sjá umtalsverðan mun á svörum þátttakendra í almennu úrtaki og úrtaki fatlaðs fólks. Yfir 70% þátttakenda könnunarinnar *Líðan þjóðar á tímum COVID-19* mátu andlega heilsu sína góða eða mjög góða samanborið við um helming þátttakenda í *Fötlun og heilsa–2021* (sjá mynd 2).

Tafla 12. Hvernig metur þú almennt andlega heilsu þína?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|------------|-------------|
| Mjög góð | 67 | 17% |
| Góð | 135 | 34% |
| Sæmileg | 143 | 36% |
| Léleg | 57 | 14% |
| Fjöldi | 402 | 100% |
| Veit ekki | 7 | |
| Vil ekki svara | 3 | |
| Fjöldi alls | 412 | |


Mynd 2. Hvernig metur þú almennt andlega heilsu þína? — Hlutfall sem svarar mjög góð / góð


4.3 Veikindi og sjúkdómar

Í könnuninni voru þátttakendur spurðir hvort verkir eða vanlíðan hefðu truflað daglegt líf þeirra á síðustu 12 mánuðum eða fyrr. Um 72% þeirra sögðu að verkir eða vanlíðan hefðu truflað daglegt líf þeirra síðustu 12 mánuði og 44% fyrir meira en 12 mánuðum. Eins og sjá má á mynd 3 var algengast að svarendur merktu við að hafa fundið fyrir þrekleysi (47%), þungum áhyggjum og/eða kvíða (46%) eða verkjum í baki eða herðum (44%) síðastliðna 12 mánuði. Til viðbótar höfðu um 15–18% svarenda fundið fyrir þessum einkennum fyrir meira en 12 mánuðum.


Í bakgrunnstöflum 5–13 í viðauka má sjá að þátttakendur sem sögðust eiga erfitt með að ná endum saman voru líklegri til að hafa fundið fyrir verkjum eða vanlíðan en þeir sem ná endum saman. Þetta á við um allt sem talið var upp nema verki í útlimum.

Á mynd 4 má sjá að hlutfallslega færri fundu fyrir flestum þeim einkennum sem talin voru upp nú en í könnun meðal fatlaðs fólks frá árinu 2017, að undanskilinni tannþínu, sem hlutfallslega fleiri höfðu fundið fyrir nú en í könnuninni *Fötlun og heilsa* frá 2017.

Í könnuninni frá 2017 var algengast að svarendur merktu við þrekleysi, verki í baki eða herðum og þungar áhyggjur eða kvíða eins og nú.




Mynd 3. Hefur eitthvað af eftirfarandi truflað daglegt líf þitt á síðustu 12 mánuðum?



Mynd 4. Hefur eitthvað af eftirfarandi truflað daglegt líf þitt á síðustu 12 mánuðum? – Samanburður

Þátttakendur fengu lista yfir sjúkdóma og skerðingar og voru beðnir að merkja við það sem átti við þá (sjá mynd 5). Í heildina voru 44% þátttakendur með einhverja af upptöldum sjúkdómum eða skerðingum. Hlutfallslega flestir eða rúmlega fimmtungur svarenda var með háþrýsting og um 12–13% voru með hjartasjúkdóm, lungnasjúkdóm, sykursýki eða skert ónæmiskerfi vegna annara vanda.


Á mynd 5 má einnig sjá samanburð við svör almennings í könnuninni *Líðan þjóðar á tímum COVID-19*. Fatlað fólk var líklegra en almenningur til að vera með sykursýki (13% á móti 5%) lungnasjúkdóma (13% á móti 7%), hjartasjúkdóma (13% á móti 8%), vera með skert ónæmiskerfi (12% á móti 5%), á ónæmisbælandi meðferð (7% á móti 4%) og með langvinna nýrnabilun (3% á móti 0%). Hlutfallslega færri fatlað fólk var með háþrýsting (22%) en þátttakendur í almennu úrtaki könnunarinnar *Líðan þjóðar á tímum COVID-19* (28%).



Mynd 5. Ert þú með einhverja af eftirtöldum sjúkdómum/skerðingum? — Samanburður

Að lokum var spurt um flensulík einkenni á síðastliðnum tveim mánuðum; *hita, hósta, hálssærindi, skert bragð- og/eða lyktarskyn, höfuðverk, bein- og/eða vöðvaverki, meltingarvanda, andþyngsli og þreytu og slappleika*. Ef þátttakendur höfðu fundið fyrir einkennum var spurt hversu lengi þeir höfðu fundið fyrir þeim. Algengast var að þátttakendur hefðu fundið fyrir þreytu og eða slappleika (59%), hósta (45%), meltingarvanda (44%) og bein- og/eða vöðvaverkjum (44%) á síðastliðnum tveim mánuðum (sjá mynd 6).

Í kjölfarið var spurt hvort fólki hafi fundist erfitt að meta hvort þau einkenni sem það fann fyrir hafi stafað af fötlun/skerðingu/líkamlegu ástandi eða COVID-19. Meirihluti (70%) sagði að það hafi aldrei verið erfitt að meta það en 21% sagði að það hafi oft eða stundum verið erfitt að meta það (sjá töflu 13). Ekki var munur á dreifingu svara eftir bakgrunni (sjá töflu 31 í viðauka).



Mynd 6. Hefur þú fundið fyrir eftirfarandi einkennum síðastliðna tvo mánuði?

Tafla 13. Hefur þér fundist erfitt að meta hvort einkenni sem þú hefur fundið fyrir stafi af fötlun/skerðingu/líkamlegu ástandi eða af COVID-19?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|------------|-------------|
| Aldrei | 245 | 70% |
| Sjaldan | 34 | 10% |
| Stundum | 44 | 13% |
| Oft | 28 | 8% |
| Fjöldi | 351 | 100% |
| Veit ekki | 47 | |
| Vil ekki svara | 14 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

4.4 Reynsla af lækni- og sjúkrahúspjónustu

Spurt var hvort þátttakendur hefðu verið lagðir inn á spítala undanfarna 12 mánuði. Um 22% höfðu verið lögð inn á spítala á þessu tímabili (sjá töflu 14). Í töflu 32 í viðauka má sjá að líkur á sjúkrahúsinnlögn jukust með hækkandi aldri þátttakenda. Ennfremur má sjá

mun eftir fjárhag; um þriðjungur þeirra sem sagðist eiga mjög eða frekar erfitt með að ná endum saman hafði verið lagður inn á spítala undanfarna 12 mánuði samanborið við 17–24% þeirra sem sögðust komast vel af eða takast að ná endum saman.


Ekki var munur á svörum fatlaðs fólks nú árið 2021 við spurningunni og í könnuninni *Fötlun og heilsa frá 2017* (sjá mynd 7).

Aðspurð um ánægju með þjónustuna sem þau fengu síðast þegar þau voru lögð inn á sjúkrahús voru flest þeirra sem svöruðu könnuninni mjög eða frekar ánægð með þjónustuna (78%) (sjá töflu 15). Ekki var munur á ánægju eftir bakgrunnsbreytum (sjá töflu 33 í viðauka).

Ekki var munur á svörum fatlaðs fólks nú og í könnuninni *Fötlun og heilsa frá 2017* (sjá mynd 8) við spurningunni um ánægju með þjónustuna.

Tafla 14. Hefur þú verið lagður/lögð inn á spítala undanfarna 12 mánuði?


| | Fjöldi | Hlutfall |
|----------------------------|------------|-------------|
| Aldrei | 310 | 78% |
| Einu sinni | 47 | 12% |
| Tvisvar eða þrisvar sinnum | 34 | 8% |
| Fjórum sinnum eða oftar | 9 | 2% |
| Fjöldi | 400 | 100% |
| Veit ekki | 4 | |
| Vil ekki svara | 8 | |
| Fjöldi alls | 412 | |



Mynd 7. Hefur þú verið lagður/lögð inn á spítala undanfarna 12 mánuði?

Tafla 15. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustuna sem þú fékkst síðast þegar þú lagðist inn á sjúkrahús?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--|------------|-------------|
| Mjög ánægð/ur | 113 | 45% |
| Frekar ánægð/ur | 82 | 33% |
| Hvorki né | 25 | 10% |
| Frekar óánægð/ur | 18 | 7% |
| Mjög óánægð/ur | 14 | 6% |
| Fjöldi | 252 | 100% |
| Veit ekki | 27 | |
| Vil ekki svara | 2 | |
| Á ekki við, hef ekki lagst inn á sjúkrahús | 131 | |
| Fjöldi alls | 412 | |



Mynd 8. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustuna sem þú fékkst síðast þegar þú lagðist inn á sjúkrahús?


Um 73% þátttakenda höfðu leitað til heimilislæknis eða læknis á heilsugæslustöð undanfarna 12 mánuði og höfðu um 40% svarenda farið þrisvar eða oftár (sjá töflu 16). Algengara var að konur hefðu farið til læknis en karlar, 77% kvenna samanborið við 69% karla. Einnig mátti sjá mun eftir fjárhag, um 87% svarenda sem áttu erfitt með að ná endum saman höfðu farið til læknis samanborið við 66–74% þeirra sem ná endum saman eða komast vel af (sjá töflu 34 í viðauka).

Þegar svör úr könnuninni eru borin saman við svör úr könnuninni *Fötlan og heilsa-2017* má sjá að ekki er marktækur munur á því hversu oft fólk fór til læknis eða á heilsugæslustöð á þessum tímabilum (sjá mynd 9).

Mikill meirihluti þátttakenda var mjög eða frekar ánægður með þjónustuna í síðustu heim-sókn til læknis (81%) (sjá töflu 17). Þegar svör úr könnuninni *Fötlan og heilsa-2017* voru skoðuð mátti sjá sambærilegt hlutfall ánægðra og nú (sjá mynd 10).

Tafla 16. Hefur þú farið til heimilislæknis þíns eða læknis á heilsugæslustöð undanfarna 12 mánuði?


| | Fjöldi | Hlutfall |
|---------------------------|------------|-------------|
| Aldrei | 102 | 27% |
| Einu sinni | 67 | 18% |
| Tvisvar sinnum | 56 | 15% |
| Þrisvar eða fjórum sinnum | 66 | 18% |
| Fimm sinnum eða oftar | 80 | 22% |
| Fjöldi | 371 | 100% |
| Veit ekki | 33 | |
| Vil ekki svara | 8 | |
| Fjöldi alls | 412 | |



Mynd 9. Hefur þú farið til heimilislæknis þíns eða læknis á heilsugæslustöð undanfarna 12 mánuði?

Tafla 17. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustuna sem þú fékkst síðast þegar þú fórst til læknis?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|------------|-------------|
| Mjög ánægð/ur | 194 | 54% |
| Frekar ánægð/ur | 97 | 27% |
| Hvorki né | 44 | 12% |
| Frekar óánægð/ur | 14 | 4% |
| Mjög óánægð/ur | 12 | 3% |
| Fjöldi | 361 | 100% |
| Veit ekki | 14 | |
| Vil ekki svara | 4 | |
| Á ekki við, hef aldrei farið til læknis | 33 | |
| Fjöldi alls | 412 | |



Mynd 10. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustuna sem þú fékkst síðast þegar þú fórst til lækni? — Samanburður

4.5 Aðgengi að lækniþjónustu


Um 28% svarenda höfðu þurft að fresta eða hætta við að fara til lækni á síðastliðnum sex mánuðum (sjá töflu 18). Algengara var að fólk á aldrinum 35–50 ára hafi þurft að fresta því að fara til lækni (35%) og fólk eldra en 51 árs (29%) en fólk í yngsta aldurshópnum, 18–34 ára (20%). Tæplega helmingur svarenda með geðfötun eða ADHD (47%) hafði þurft að fresta eða hætta við för til lækni samanborið við 30% svarenda með hreyfihömlun, 25% svarenda með sjón- eða heyrnarskerðingu og 19% svarenda með þroskahömlun eða einhverfu. Þau sem þjuggu við bágan fjárhag voru líklegri til að hafa frestað eða hætt við (44%) samanborið við þau sem sögðust búa við betri fjárhag (14–32%) (sjá töflu 36 í viðauka).

Í könnuninni *Fötun og heilsa-2017* voru hlutfallslega færri eða um 20% sem höfðu þurft að fresta eða hætta við að fara til lækni samanborið við 28% svarenda nú (sjá mynd 11).


Svarendur sem höfðu þurft að fresta eða hætta við að fara til lækni voru beðnir um að tilgreina ástæður fyrir því. Algengasta ástæðan var vegna COVID-19 eða í 29% tilfella. Aðrar algengar ástæður voru að það væri of dýrt (15%), þau teldu það ekki gera gagn (15%) og að þau gátu ekki fengið tíma nógu fljótt hjá læknum (14%) (sjá mynd 12). Þátttakendum bauðst ennfremur að skrifa inn aðra ástæðu fyrir því að þeir hættu við eða frestuðu því að fara til lækni og voru algengustu ástæðurnar sem fólk tjáði kvíði, mikil veikindi og óánægja með lækni. Í könnuninni *Fötun og heilsa-2017* var algengast að fólk merkti við að það væri of dýrt að fara til lækni (26%) (sjá mynd 12).

Tafla 18. Þurftir þú að fara til læknis einhvern tíma á síðastliðnum sex mánuðum en hættir við það eða frestaðir því?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|--------|----------|
| Já | 101 | 28% |
| Nei | 264 | 72% |
| Fjöldi | 365 | 100% |
| Veit ekki | 3 | |
| Vil ekki svara | 7 | |
| Á ekki við, hef ekki þurft að fara til læknis á sl. sex mánuðum | 37 | |
| Fjöldi alls | 412 | |



Mynd 11. Þurftir þú að fara til læknis einhvern tíma á síðastliðnum sex mánuðum en hættir við það eða frestaðir því? — Samanburður



Mynd 12. Hver var ástæðan fyrir því að þú hættir við eða frestaðir að fara til lækni?

4.6 Reynsla af COVID-19

Yfir helmingur svarenda hafði farið í skimun eða greiningarpróf vegna COVID-19 (sjá töflu 19). Í töflu 47 í viðauka má sjá að munur var á dreifingu svara eftir aldri, um 60–63% svarenda í yngri aldurshópum, yngri en 50 ára, höfðu farið í skimun samanborið við 48% þeirra sem voru yfir fimmtugt. Þá var algengara meðal þeirra sem sögðust eiga erfitt með að láta enda ná saman að hafa farið í skimun eða greiningarpróf (69%) samanborið við

Þá sem áttu erfitt með að ná endum saman (51–53%). Yfir 80% svarenda sem höfðu farið í skimun eða greiningarpróf höfðu farið 1–3 sinnum (sjá töflu 20).



Mikill meirihluti þátttakenda hafði farið í COVID-19 bólusetningu eða 95% svarenda (sjá töflu 21). Munur var á svörum eftir því hvort þjónustunotendur svöruðu sjálfir eða hvort aðstandendur eða aðstoðarfólk hjálpuðu eða svöruðu fyrir viðkomandi. Þátttakendur sem svöruðu sjálfir voru ólíklegri til að segjast hafa farið í bólusetningu (93%) en þegar aðstandendur eða aðstoðarfólk svaraði eða aðstoðaði við svörun (98%) (sjá töflu 49 í viðauka).

Um þriðjungur svarenda hafði farið í sóttkví vegna COVID-19 (sjá töflu 22). Þar af voru 72% sem fóru í sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvald og 25% fóru í sjálfskipaða sóttkví (sjá töflu 23).








Aðeins 2% svarenda eða 7 einstaklingar höfðu verið greindir með COVID-19 veiruna þegar könnunin var gerð (sjá töflu 25). Af þeim voru 3 rúmfastir í 2 vikur eða lengur. Í þrem tilfellum leiddu veikindi til innlagnar á sjúkrahús. Af þeim sem smituðust sagðist einn hafa náð sér að fullu eftir veikindin en tveir sögðust ennþá finna fyrir einkennum sem háðu þeim í daglegu lífi. Þrír af fimm einstaklingum sem smituðust af COVID-19 óttuðust frekar eða mjög mikið að smita aðra á meðan veikindunum stóð. Flestir af þeim sem höfðu fengið COVID-19 greindust fyrir ári síðan, eða fimm af sjö.

Um 29% svarenda sögðu að einhver nákominn þeim hafi smitast af COVID-19 (sjá töflu 26) og algengast var að hinn nákomni væri systkin, náinn vinur eða vinkona .



Tafla 19. Hefur þú farið í skimun eða greiningarpróf fyrir COVID-19?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|--------|---|
| Já | 227 |  56% |
| Nei | 180 |  44% |
| Fjöldi | 407 | 100% |
| Veit ekki | 2 | |
| Vil ekki svara | 3 | |
| Fjöldi alls | 412 | |



Tafla 20. Hversu oft hefur þú farið í skimun eða greiningarpróf fyrir COVID-19?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|-------------------------------------|--------|---|
| Einu sinni | 90 |  41% |
| Tvisvar | 55 |  25% |
| Þrisvar | 35 |  16% |
| Fjórum sinnum | 18 |  8% |
| Fimm sinnum | 11 |  5% |
| Sex sinnum til tíu sinnum | 7 |  3% |
| Oftar en tíu sinnum | 5 |  2% |
| Fjöldi | 221 | 100% |
| Veit ekki | 5 | |
| Vil ekki svara | 1 | |
| Á ekki við, hef ekki farið í skimun | 185 | |
| Fjöldi alls | 412 | |




Tafla 21. Ert þú búin/n að fara í COVID-19 bólusetningu?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|--------|---|
| Já | 389 |  95% |
| Nei | 20 |  5% |
| Fjöldi | 409 | 100% |
| Vil ekki svara | 3 | |
| Veit ekki | 0 | |
| Fjöldi alls | 412 | |











Tafla 22. Hefur þú farið í sóttkví vegna COVID-19 veirunnar?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|--------|---|
| Já | 140 |  34% |
| Nei | 269 |  66% |
| Fjöldi | 409 | 100% |
| Veit ekki | 1 | |
| Vil ekki svara | 2 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

Tafla 23. Hvernig sóttkví fórst þú í?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--|--------|---|
| Sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda | 79 |  58% |
| Sjálfskipaða sóttkví (fór ekki út af heimili nema af brýnni nauðsyn) | 34 |  25% |
| Sjálfskipaða sóttkví og sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda | 24 |  18% |
| Fjöldi | 137 | 100% |
| Veit ekki | 2 | |
| Vil ekki svara | 1 | |
| Á ekki við | 272 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

Tafla 24. Hversu lengi samtals hefur þú verið/varst þú í sóttkví?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|-----------------------|--------|---|
| 1–3 daga | 19 |  14% |
| 4–7 daga | 42 |  31% |
| 8–13 daga | 9 |  7% |
| 2 vikur | 15 |  11% |
| 3 vikur | 12 |  9% |
| 4 vikur | 5 |  4% |
| 5–6 vikur | 6 |  4% |
| 7–8 vikur | 2 |  1% |
| 2 mánuði til ó mánuði | 7 |  5% |
| 6 mánuði eða lengur | 18 |  13% |
| Fjöldi | 135 | 100% |
| Veit ekki | 5 | |
| Vil ekki svara | 0 | |
| Á ekki við | 272 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

Tafla 25. Hefur þú verið greind/ur með COVID-19 veiruna?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|--------|----------|
| Já | 7 | 2% |
| Nei | 403 | 98% |
| Fjöldi | 410 | 100% |
| Veit ekki | 1 | |
| Vil ekki svara | 1 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

Tafla 26. Hefur einhver nákominn/n þér greinst með COVID-19 veiruna?






| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|--------|----------|
| Já | 106 | 29% |
| Nei | 262 | 71% |
| Fjöldi | 368 | 100% |
| Veit ekki | 39 | |
| Vil ekki svara | 5 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

4.7 Áhrif COVID-19 á líðan og daglegt líf




Um 46% þátttakenda töldu að COVID-19 faraldurinn hafði raskað daglegu lífi þeirra mjög eða frekar mikið (sjá töflu 27). Þegar gögnin voru greind frekar mátti sjá að munur var eftir skerðingum; um helmingur svarenda með þroskahömlun, geðfötlun, ADHD eða hreyfihömlun töldu faraldurinn hafa raskað daglegu lífi þeirra mjög eða frekar mikið samanborið við 18% svarenda með einhverfu og 37% svarenda með sjón- eða heyrnarskerðingu. Það var munur eftir fjárhag fólks en um 61% þeirra sem sögðust eiga erfitt með að ná endum saman töldu faraldurinn hafa raskað daglegu lífi sínu mjög eða frekar mikið samanborið við 37%–44% þeirra sem sögðust ná endum saman. Loks mátti sjá mun eftir hjúskaparstöðu; þeir sem voru í sambúð eða hjónabandi voru líklegri til að segja að faraldurinn hefði lítið eða ekkert raskað daglegu lífi (28%) en einhleypir (19%) (sjá töflu 54 í viðauka).

Meirihluti svarenda (65%) hafði haft frekar litlar, mjög litlar eða engar áhyggjur af því að smitast af COVID-19 veirunni en 20% höfðu aftur á móti haft mjög eða frekar miklar áhyggjur af smiti (sjá töflu 28). Hlutfallslega fleiri þátttakendur með geðfötlun eða ADHD (71%) höfðu mjög eða frekar miklar áhyggjur af því að smitast samanborið við 44% þeirra með sjón- eða heyrnarskerðingu og 52–56% þátttakenda með aðrar skerðingar. Að lokum var munur eftir fjárhag; þeir sem sögðust eiga erfitt með að láta enda ná saman höfðu frekar áhyggjur en þeir sem ná endum saman (sjá töflu 55 í viðauka).

Tafla 27. Hversu mikið hefur COVID-19 faraldurinn raskað þínu daglega lífi?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|-----------------------|--------|---|
| Mjög mikið | 103 |  26% |
| Frekar mikið | 80 |  20% |
| Nokkuð | 65 |  16% |
| Frekar lítið | 74 |  18% |
| Mjög lítið eða ekkert | 80 |  20% |
| Fjöldi | 402 | 100% |
| Veit ekki | 8 | |
| Vil ekki svara | 2 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

Tafla 28. Síðastliðna tvo mánuði, hversu litlar eða miklar áhyggjur hefur þú haft af því að smitast af COVID-19 veirunni?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|-----------------------|--------|---|
| Mjög miklar | 36 |  9% |
| Frekar miklar | 42 |  11% |
| Nokkrar | 55 |  15% |
| Frekar litlar | 78 |  21% |
| Mjög litlar eða engar | 168 |  44% |
| Fjöldi | 379 | 100% |
| Veit ekki | 30 | |
| Vil ekki svara | 3 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

Spurt var um áhyggjur síðastliðna tvo mánuði af því að nákominn myndi smitast af COVID-19 veirunni og sögðust um 20% svarenda hafa haft mjög eða frekar miklar áhyggjur. Meirihluti svarenda (61%) sagðist hafa haft frekar litlar, mjög litlar eða engar áhyggjur af þessu. Hlutfallslega fleiri konur höfðu áhyggjur af því einhver nákominn myndi smitast en karlar; um helmingur karla hafði mjög litlar eða engar áhyggjur af smiti samanborið við 30% kvenna. Eins var munur eftir skerðingum en um 39% svarenda með geðfötlun eða ADHD höfðu mjög eða frekar miklar áhyggjur af því að nákominn myndi smitast samanborið við 21% svarenda með hreyfihömlun, 16% með þroskahömlun og 7% með einhverfu, sjón- eða heyrnarskerðingu. Þau sem bjuggu við bágari fjárhag höfðu frekar áhyggjur af smiti, 39% þeirra höfðu mjög eða frekar miklar áhyggjur samanborið við 12–19% þeirra sem bjuggu við betri fjárhag (sjá töflu 56 í viðauka)

Ef þátttakendur áttu ættingja með undirliggjandi sjúkdóma voru þeir líklegri til að hafa áhyggjur af því að einhver nákominn smitaðist af COVID-19. Um 46% þeirra sem áttu ættingja með undirliggjandi sjúkdóma höfðu nokkrar, frekar miklar eða mjög miklar áhyggjur


af því að einhver nákominn myndi smitast af COVID-19 samanborið við 34% þeirra sem áttu ekki ættingja með undirliggjandi sjúkdóma (sjá mynd 13).

Tafla 29. Síðastliðna tvo mánuði, hversu litlar eða miklar áhyggjur hefur þú haft af því að einhver þér nákomin/n smitaðist af COVID-19 veirunni?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|-----------------------|------------|-------------|
| Mjög miklar | 26 | 7% |
| Frekar miklar | 47 | 13% |
| Nokkrar | 67 | 18% |
| Frekar litlar | 75 | 20% |
| Mjög litlar eða engar | 151 | 41% |
| Fjöldi | 366 | 100% |
| Veit ekki | 37 | |
| Vil ekki svara | 9 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

Tafla 30. Er einhver af þínum nánustu sem er 18 ára eða eldri með háþrýsting/hjartasjúkdóm, sykursýki, langvinna lungnateppu, langvinna nýrnabilun, krabbamein, skert ónæmiskerfi eða á ónæmisbælandi lyfjum?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|------------|-------------|
| Já | 193 | 58% |
| Nei | 139 | 42% |
| Fjöldi | 332 | 100% |
| Veit ekki | 73 | |
| Vil ekki svara | 7 | |
| Fjöldi alls | 412 | |




Mynd 13. Áhyggjur af því að einhver nákomin/n smitaðist eftir því hvort einhver nánustu er með undirliggjandi sjúkdóma

Til þessa að meta enn frekar áhrif faraldursins á líðan fólks voru fimm spurningar um martraðir og þrálátar hugsanir um COVID-19 á síðustu tveim vikum lagðar fyrir þátttakendur. Þetta voru eftirfarandi spurningar: *Hefur þú á síðastliðnum tveim vikum verið stöðugt á verði, ofurárvökul/í eða brugðið auðveldlega?, reynt að hugsa ekki um COVID-19 eða lagt þig fram við að forðast aðstæður sem minntu þig á COVID-19?, hugsað um COVID-19 þegar þú vildir það ekki?, fundið fyrir doða eða verið úr tengslum við aðra, athafnir þínar eða umhverfi þitt?, fengið martraðir um COVID-19?* (sjá mynd 14). Þessar spurningar voru einnig lagðar fyrir þátttakendur könnunarinnar *Líðan þjóðar á tímum COVID-19*. Þar sem langur tími var á milli fyrirklagna kannananna var ekki unnt að bera saman niðurstöður. Meirihluti svarenda sagðist sjaldan eða aldrei hafa upplifað martraðir eða þrálátar hugsanir um COVID-19 á síðustu tveim vikum. Algengast var að svarendur hefðu oft eða mjög oft upplifað að hafa verið stöðugt á verði, ofurárvökulir eða hafa brugðið auðveldlega (17%) og reynt að hugsa ekki um COVID eða lagt sig fram við að forðast aðstæður sem minntu á COVID-19 (13%).

Í bakgrunnsgreiningu í viðauka (töflur 58–62) má sjá að svarendur sem sögðust eiga erfitt með að ná endum saman voru líklegri en þeir sem ná endum saman að hafa oft eða mjög oft; fundið fyrir doða eða verið úr tengslum við aðra, athafnir eða umhverfi (30% á mótí 5–6%), hugsað um COVID-19 þegar þeir vildu það ekki (16% á mótí 3–8%), reynt að hugsa ekki um COVID-19 eða lagt sig fram við að forðast aðstæður sem minna á COVID-19 (24% á mótí 6–11%), verið stöðug á verði, ofurárvökulir eða brugðið auðveldlega (30% á mótí 8–16%).

Eins og sjá má í töflu 31 var mikill meirihluti svarenda (88%) mjög eða frekar sammála fullyrðingunni, *Mér finnst ég örugg/ur heima hjá mér*.



Mynd 14. Hefur þú á síðastliðnum tveimur vikum, aldrei, sjaldan, stundum, oft eða mjög oft...

Tafla 31. Hversu sammála ertu staðhæfingunni að þú sért örugg/ur heima hjá þér?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|------------|-------------|
| Mjög sammála | 272 | 70% |
| Frekar sammála | 70 | 18% |
| Hvorki né | 14 | 4% |
| Frekar ósammála | 8 | 2% |
| Mjög ósammála | 23 | 6% |
| Fjöldi | 387 | 100% |
| Vil ekki svara | 10 | |
| Veit ekki | 15 | |
| Fjöldi alls | 412 | |


Í framhaldi voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til tíu spurninga varðandi upplifun af COVID-19 faraldrinum, hvort og hversu mikið þeir höfðu upplifað það sem spurt var um. Sömu spurningar höfðu verið lagðar fyrir þjóðarúrtak í könnuninni *Líðan þjóðar á tímum COVID-19* (sjá mynd 15). Algengast var að svarendur hefðu mjög eða frekar miklar áhyggjur af mögulegum afleiðingum veirunnar á heilsu sína (22%). Um 17% höfðu áhyggjur af eigin einangrun og að missa tengsl við fjölskyldumeðlimi eða vini, 16% af einangrun og vanlíðan fjölskyldumeðlims eða vinar og 15% af að fá ófullnægjandi stuðning ef þau þyrftu að leggjast inn á sjúkrahús. Um 13% upplifðu að nauðsynleg þjónusta væri skert, s.s. heimahjúkrun eða liðveisla.

Konur voru líklegri til að hafa frekar eða mjög miklar áhyggjur af afleiðingum COVID-19 á heilsu sína en karlar, 28% kvenna á móti 18% karla (sjá töflu 64 í viðauka). Þá var munur á áhyggjum eftir skerðingum svarenda, hlutfallslega fleiri voru með frekar eða mjög miklar áhyggjur úr hópi svarenda með geðfötlun eða ADHD (31%), hreyfihömlun (28%) og sjón- eða heyrnarskerðingu (22%) samanborið við þá sem voru með þroskahömlun (16%) eða einhverfu (7%). Um 38% þeirra sem áttu erfitt með að ná endum saman höfðu mjög eða frekar miklar áhyggjur af afleiðingum COVID-19 á heilsu samanborið við 12–26% þeirra sem náðu endum saman.


Eins voru þátttakendur sem áttu erfitt með að ná endum saman líklegri en þeir sem ná endum saman til að hafa frekar eða mjög miklar áhyggjur af framtíðarfjárhag (49% á móti 3–9%), af eigin einangrun eða að missa tengsl við fjölskyldumeðlimi eða vini (31% á móti 10–18%) og af einangrun og vanlíðan fjölskyldumeðlims eða vinar (31% á móti 11–14%) (sjá töflur 65–68 í viðauka).

Um 37% þeirra sem áttu erfitt með að ná endum saman höfðu upplifað frekar eða mjög mikla fjárhagserfiðleika samanborið við 1–3% þeirra sem ná endum saman og eins hafði 21% þeirra sem bjuggu við bágan fjárhag upplifað mjög eða frekar mikla erfiðleika við að nálgast nauðsynjar, s.s. lyfseðilsskyld lyf og matvörur samanborið við 2–4% þeirra sem bjuggu við betri fjárhag (sjá töflur 69–72 í viðauka).

Borin voru saman svör nokkurra spurninga við svör úr könnuninni *Líðan þjóðar á tímum COVID-19*. Ekki var munur á svörum fatlaðs fólks og almennings þegar spurt var um áhyggjur af einangrun og vanlíðan fjölskyldumeðlims eða vinar eða áhyggjur af að missa vinnuna. Hins vegar voru hlutfallslega fleiri meðal svarenda fatlaðs fólks sem höfðu upplifað fjárhagserfiðleika; 10% samanborið við 5% meðal almennings og erfiðleika við að nálgast nauðsynjar eins og lyfseðilsskyld lyf eða matvörur; 7% samanborið við 2% hjá almenningi. Meðal almennings voru fleiri sem upplifðu tekjumissi vegna vinnu eða reksturs fyrirtækis (9%) en meðal fatlaðs fólks (4%) (sjá mynd 16).



Mynd 15. Hefur þú upplifað í COVID-19 faraldrinum...







Mynd 16. Hefur þú í COVID-19 faraldrinum upplifað... — Samanburður

4.8 Samskipti og félagsskapur





Tæplega helmingur svarenda (45%) hafði aldrei eða nánast aldrei fundið fyrir einmanaleika á síðustu tveim mánuðum. Um fjórðungur hafði hins vegar fundið töluvert eða mjög mikið fyrir einmanaleika (sjá töflu 32). Þessi upplifun var algengari meðal þeirra sem voru einhleypir (27%) samanborið við þá sem voru giftir eða í sambúð (13%) og munur var eftir húsnæði svarenda; um þriðjungur þeirra sem bjó í íbúð á félagslegum leigumarkaði fann fyrir mjög miklum eða töluverðum einmanaleika saman borið við 20–24% þeirra sem bjuggu í annars konar húsnæði. Einnig mátti sjá mun á svörum eftir fjárhag en um helmingur þeirra sem bjuggu við lakari fjárhag höfðu upplifað mjög mikinn eða töluverðan einmanaleika á síðastliðnum tveim mánuðum samanborið við 12–21% þeirra sem bjuggu við betri fjárhag (sjá töflu 73 í viðauka).

Tafla 32. Hefur þú upplifað einmanaleika á síðastliðnum tveimur mánuðum?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------------|--------|---|
| Aldrei eða nánast aldrei | 169 |  45% |
| Stundum | 116 |  31% |
| Töluvert | 50 |  13% |
| Mjög mikið | 44 |  12% |
| Fjöldi | 379 | 100% |
| Veit ekki | 28 | |
| Vil ekki svara | 5 | |
| Fjöldi alls | 412 | |


Meirihluti svarenda (68%) hafði verið töluvert eða mjög oft í sambandi við fjölskyldu, vini eða aðra síðastliðna tvo mánuði, í síma eða á samfélagsmiðlum (sjá töflu 33). Hlutfallslega fleiri konur (75%) en karlar (61%) höfðu verið töluvert eða mjög oft í sambandi. Einnig kom í ljós að þau sem bjuggu í foreldrahúsum, í eigin húsnæði, leigðu á almennum markaði eða félagslegum leigumarkaði voru líklegri til að vera mjög oft eða töluvert í samskiptum við fjölskyldu og vini en þau sem bjuggu í íbúðakjarna, sambýli eða á félagslegum leigumarkaði, 68–77% samanborið við 52% (sjá töflu 74 í viðauka).

Tafla 33. Á síðastliðnum tveimur mánuðum, hversu oft varst þú í sambandi við fjölskyldu, vini eða aðra, í síma eða á samfélagsmiðlum (t.d. Facebook, Skype, Zoom)?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------------|--------|---|
| Aldrei eða nánast aldrei | 57 |  14% |
| Stundum | 73 |  18% |
| Töluvert | 67 |  17% |
| Mjög oft | 202 |  51% |
| Fjöldi | 399 | 100% |
| Veit ekki | 6 | |
| Vil ekki svara | 7 | |
| Fjöldi alls | 412 | |


Í könnuninni var spurt um ánægju þátttakenda með samband sitt við aðila í umhverfi sínu. Af þeim sem tóku afstöðu til spurningarinnar voru 80% mjög eða frekar ánægðir með samband sitt við maka eða unnustu/unnusta og með samband sitt við aðra fjölskyldumeðlimi (sjá mynd 17). Þátttakendur sem bjuggu við bágan fjárhag voru þó ívið ólíklegri til að vera ánægðir með samband sitt við aðra fjölskyldumeðlimi og voru 66% mjög eða frekar ánægðir á móti 84% þátttakenda sem bjuggu við betri fjárhag (sjá töflu 77 í viðauka). Meirihluti þátttakenda var mjög eða frekar ánægður með samband sitt við vini sína (72%)

og eins með samband við vinnufélaga eða skólafélaga (71%). Ennfremur voru flestir frekar eða mjög ánægðir með samband sitt við aðstoðarfólk sitt eða starfsfólk (85%). Þátttakendur sem bjuggu á sambýli eða í búsetukjarna voru beðnir að taka afstöðu til sambands síns við aðra íbúa á sambýlinu eða íbúðakjarnanum og voru 70% mjög eða frekar ánægðir með það (sjá mynd 17).




Mynd 17. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt við eftirtalda aðila?


Í könnuninni *Fötlun og heilsa-2017* höfðu þátttakendur verið beðnir um að taka afstöðu til sömu spurninga um samband sitt við aðila í umhverfi sínu. Þegar niðurstöður þessara tveggja kannana voru bornar saman kemur fram að þátttakendur í könnuninni nú, 2021 voru ólíklegri en þátttakendur í könnuninni 2017 til að vera mjög eða frekar ánægðir með samband sitt við; maka, unnustu eða unnusta (80% á móti 90%), aðra fjölskyldumeðlimi (85% á móti 87%), vini (80% á móti 86%), vinnufélaga eða skólafélaga (71% á móti 80%) og aðstoðarfólk (73% á móti 84%) (sjá myndir 18–23).




Mynd 18. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt maka/unnustu/unnusta? — Samanburður




Mynd 19. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt aðra fjölskyldumeðlimi? – Samanburður




Mynd 20. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt vini? – Samanburður



Mynd 21. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt vinnufélaga/skólafélaga? – Samanburður



Mynd 22. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt aðstoðarfólk þitt / starfsfólk? – Samanburður



Mynd 23. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með samband þitt aðra íbúa á sambýlinu/íbúðarkjarnanum? – Samanburður


Þátttakendur voru beðnir um að meta hversu sammála eða ósammála þeir væru fjórum fullyrðingum varðandi félagsleg tengsl: *Fjölskylda mín er orðin nánari en áður, Ég hef fundið fyrir meiri væntumþykju frá öðrum en áður, Ég fæ þá tilfinningalegu aðstoð og stuðning sem ég þarfnast frá fjölskyldu minni, Ég get leitað til ákveðinnar manneskju þegar ég þarfnast hughreystingar.*

Eins og sjá má á mynd 24 voru 82% svarenda mjög eða frekar sammála að geta leitað til ákveðinnar manneskju þegar þeir þarfnast hughreystingar og 75% voru mjög eða frekar sammála því að fá þá tilfinningalegu aðstoð og stuðning sem þau þurftu frá fjölskyldu. Um 29% svarenda voru mjög eða frekar ósammála að fjölskyldan væri er nánari en áður og 26% voru ósammála því að þau hefðu fundið fyrir meiri væntumþykju frá öðrum.

Hlutfallslega fleiri þeirra sem voru búsettir úti á landi voru sammála því að geta leitað til ákveðinnar manneskju þegar þeir þörfuðust hughreystingar; 90 samanborið við 79% þeirra sem voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 81 í viðauka). Yngra fólk var líkleggra til að vera mjög eða frekar sammála því að fá þá tilfinningalegu aðstoð og stuðning sem það þarfnast frá fjölskyldu sinni eða 86% svarenda á aldrinum 18–34 ára samanborið við 71% svarenda á aldrinum 35–50 ára og 69% svarenda eldri en 50 ára (sjá töflu 82 í viðauka). Hlutfallslega færri með bágan fjárhag (67%) voru sammála fullyrðingunni samanborið við þá sem voru með betri fjárhag (76–81%). Um 38% svarenda sem sögðust eiga erfitt með að ná endum saman voru mjög eða frekar ósammála því að fjölskyldan væri

orðin nánari en áður samanborið við 25–27% þeirra sem náðu endum saman fjárhagslega (sjá töflu 83 í viðauka).

Þátttakendur sem voru búsettir á landsbyggðinni voru líklegri til að vera sammála því að hafa fundið fyrir meiri væntumþykju frá öðrum en áður, eða 59% þeirra samanborið við 41% fólks á höfuðborgarsvæðinu. Um helmingur fólks yfir 50 ára var mjög eða frekar sammála fullyrðingunni samanborið við 41–43% yngri svarenda. Þátttakendur með einhverfu voru ólíklegri til að vera frekar eða mjög sammála því að hafa fundið fyrir meiri væntumþykju en áður en þátttakendur með aðrar skerðingar (23% samanborið við 36–55%). Um 36% svarenda sem sögðust eiga erfitt með að ná endum saman voru ósammála fullyrðingunni samanborið við 21% þeirra sem ná endum saman (sjá töflu 84 í viðauka).



Mynd 24. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum ef þú hugsar um síðastliðna tvo mánuði?

4.9 Erfið reynsla og ofbeldi

Í lok spurningalistans voru þátttakendur spurðir um erfiða reynslu á síðustu tveim mánuðum. Líkt og í könnuninni *Líðan þjóðar á tímum COVID-19* var notast við óbeinar spurningar um andlegt, líkamlegt og kynferðisofbeldi. Eftir ábendingu rannsakenda á sviði fötlunarfræða var einnig samin sérstök spurning fyrir þessa könnun til þess að reyna að ná betur utan um reynslu fatlaðs fólks þar sem þátttakendur voru spurðir hvort ráðskaðst hafi verið með þá eða þeim sýnd reiði.

Um 31% þátttakenda hafði upplifað að aðrir ráðskist með þá eða þeim sýnd reiði að minnsta kosti einu sinni á síðustu tveim mánuðum (sjá töflu 34).

Í töflu 35 má sjá að 19% svarenda höfðu reynslu af því að einhver öskraði á þau, niðurlægði, ógnaði eða hótaði að valda þeim skaða einu sinni eða oftar á síðastliðnum tveim

mánuðum. Þegar svör úr könnuninni voru borin saman við svör almennings í *Líðan þjóðar á tímum COVID-19* kom í ljós að hlutfallslega fleira fatlað fólk hafa orðið fyrir slíkri reynslu en almenningur; einu sinni eða oftár á síðustu tveim mánuðum; 19% fatlaðs fólks samanborið við 7% almennings (sjá mynd 25).

Um 6% svarenda höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi einu sinni eða oftár á síðustu tveim mánuðum, það er að einhver hafi ýtti þeim, slegið, kýlt, sparkað, lamið eða skorið þá (sjá töflu 37). Þegar svör úr könnuninni voru borin saman við svör almennings má sjá að fatlað fólk var líklegra en almenningur að hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi einu sinni eða oftár á síðustu tveim mánuðum; 6% fatlaðs fólks samanborið við 1% almennings (sjá mynd 25).

Að lokum var spurt um kynferðisofbeldi, hvort svarendur hefðu verið þvingaðir til kynferðislegra athafna á síðastliðnum tveim mánuðum. Um 2% þeirra höfðu orðið fyrir slíkri reynslu einu sinni eða oftár á síðustu tveim mánuðum (sjá töflu 36). Í könnun meðal almennings var hlutfall þeirra sem höfðu verið beittir kynferðisofbeldi 0,3% (sjá mynd 25).


Tafla 34. Hefur þú upplifað að aðrir ráðskist með þig eða hafi sýnt þér reiði á síðustu tveimur mánuðum?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|------------|-------------|
| Aldrei | 256 | 69% |
| Einu sinni | 26 | 7% |
| Nokkrum sinnum | 65 | 18% |
| Mörgum sinnum | 22 | 6% |
| Fjöldi | 369 | 100% |
| Veit ekki | 29 | |
| Vil ekki svara | 14 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

Tafla 35. Hefur einhver öskrað á þig, niðurlægt þig, ógnað þér eða hótað að valda þér skaða á síðustu tveimur mánuðum?


| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|------------|-------------|
| Aldrei | 303 | 81% |
| Einu sinni | 28 | 8% |
| Nokkrum sinnum | 31 | 8% |
| Mörgum sinnum | 11 | 3% |
| Fjöldi | 373 | 100% |
| Vil ekki svara | 13 | |
| Veit ekki | 26 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

Tafla 36. Hefur þú verið þvinguð/þvingaður til kynferðislegra athafna, t.d. samfara eða snertingar, gegn vilja þínum á síðustu tveimur mánuðum?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|--------|---|
| Aldrei | 371 |  98% |
| Einu sinni | 4 | 1% |
| Nokkrum sinnum | 1 | 0% |
| Mörgum sinnum | 3 | 1% |
| Fjöldi | 379 | 100% |
| Vil ekki svara | 13 | |
| Veit ekki | 20 | |
| Fjöldi alls | 412 | |

Tafla 37. Hefur einhver ýtt, slegið, kýlt, sparkað, lamið eða skorið þig (með berum höndum eða með hlut) á síðustu tveimur mánuðum?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------------|--------|---|
| Aldrei | 357 |  94% |
| Einu sinni | 11 | 3% |
| Nokkrum sinnum | 10 | 3% |
| Mörgum sinnum | 1 | 0% |
| Fjöldi | 379 | 100% |
| Vil ekki svara | 16 | |
| Veit ekki | 17 | |
| Fjöldi alls | 412 | |



Mynd 25. Hefur einhver ... á síðustu tveimur mánuðum? — Samanburður

5 Heimildir

- Allerton, L. & Emerson, E. (2012). British adults with chronic health conditions or impairments face significant barriers to accessing health services. *Public Health*, 126(11), 920–927.
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin. (2011). *World report on disability*. Geneva: World Health Organization
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin. (2020, 26. mars). Disability considerations during the COVID-19 outbreak. Sótt af: <https://www.who.int/publications/i/item/WHO-2019-nCoV-Disability-2020-1>
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin. (2021, 24. nóvember). Disability and health. Sótt af: <https://www.who.int/news-room/fact-sheets/detail/disability-and-health>
- Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, Hildur Björk Sigbjörnsdóttir, Jón Óskar Guðlaugsson, Kristján Þór Magnússon, Sigríður Haraldsdóttir og Stefán Hrafn Jónsson (2012). *Heilsa og líðan Íslendinga: Framkvæmdaskýrsla*. Reykjavík: Embætti landlæknis.
- Emerson, E., Madden, R., Robertson, J., Graham, H., Hatton, C. & Llewellyn, G. (2009). Intellectual and physical disability, social mobility, social inclusion and health: Background paper for the Marmot review. Sótt af: http://eprints.lancs.ac.uk/26403/1/Disability_Social_Mobility_Social_Inclusion.pdf
- Grönvik, L. (2009). Defining disability: Effects of disability concepts on research outcomes. *International Journal of Social Research Methodology*, 12(1), 1–18. <https://doi.org/10.1080/13645570701621977>
- Hrafnhildur Snæfríðar Gunnarsdóttir (2017). *Fötlun og heilsa*, apríl 2017. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Krahn, G. L., Walker, D. K., & Correa-De-Araujo, R. (2015). Persons With Disabilities as an Unrecognized Health Disparity Population. *American Journal of Public Health*, 105(S2), S198–S206. <https://doi.org/10.2105/AJPH.2014.302182>
- Lög um málefni fatlaðs fólks (nr. 59/1992)
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018)
- Rúnar Vilhjálmsson. (2015). *Landskönnunin Heilsa og lífshættir Íslendinga*.